FJÖLBREYTT ÚRVAL EFNA
Í FÆRIBÖND OG REIMAR
FYRIR MATVÆLAIÐNAÐ

GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 / 112 Reykjavík / Sími: 567-4467 / www.gummisteypa.is / gummisteypa@gummisteypa.is

2. tölublað
2. árgangur

VESTRI

— 25. JANÚAR 2018 —

VESTLENDINGUR OG FRUMKVÖÐULL

Jón Thoroddsen hermaður, sýslumaður og skáld skrifaði skáldsöguna Pilt og stúlku fyrir um 170 árum síðan. Sú bók er talin fyrsta skáldsagan á íslensku með nútímablæ og löngu komin í hóp sígildra bókmennta hér á landi. Jón var fæddur á Reykhólum og ól sinn aldur á Íslandi á Vesturlandi. Á þessu ári eru liðin 200 ár frá fæðingu hans og 150 ár frá dánardægri. Af því tilefni hefur Piltur og stúlka nú verið endurútgefin í upprunalegri mynd. Vestri fjallar um þessa útgáfu á miðopnu og minnist um leið þessa merka forvígsmanns sem bjó síðast á Leirá sem nú heyrir til Hvalfjarðarsveitar.

Plastið óþarft

VEIÐIGJÖLDIN



Mikilvægi strandveiða

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356


Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
694 6166

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innanhús Stilisti.
Löggiltur fasteignasali
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali.
Útibú Höfn í Hornafirði.
895-2115

Framúrskarandi fyrirtæki
VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðan 1995
Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!
Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

VILLTU AUGLÝSA Í VESTRA?
Auglýsingasíminn er 578 1190

brabantia
Þrifalegu ruslaföturnar komnar aftur
Gott úrval gerða og lita.
OMNIS VERSLUN AKRANESI
DALBRAUT 1,
AKRANESI · SÍMI 433 0300

Plastpokar óþarfir í flutningi á ferskum flökum

LANDIÐ:

Plastnotkun og mengun af völdum plasts er mjög í umræðunni. Nú hefur tilraun sem gerð var í sumar í samstarfi Matís, Háskóla Íslands, Eurofins og Tempru sýnt að ekki er nauðsynlegt að pakka ferskum fiskflökum í plastpoka fyrir pökkun í frauðplastkassa, sem geyma og flytja á við kældar og ofurkældar aðstæður.

Markmið tilraunarinnar var að rannsaka mögulegt flæði stýrens úr frauðplastkössum í fersk þorsk- og karfaflök, sem geymd eru við dæmigert hitastig í sjóflutningi á ferskum flökum frá Íslandi til Evrópu eða Ameríku. Amerískir kaupendur óska eftir því að fiskflökum sé pakkað í plastpoka fyrir pökkun í frauðplastkassa vegna mögulegrar stýrenmengunar úr frauði í fisk. Því var í þessu verkefni mælt stýren í fiski, sem geymdur hafði verið án plastpoka í frauðkössum, og magn stýrens borið saman við viðmið bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitsins (FDA).

Í heildina voru 12 frauðkassar, sem innihéldu þorsk- eða karfaflök, geymdir í 4, 7 eða 13 daga við annaðhvort -1 °C eða 2 °C, sem samsvarar annars vegar ákjósanlegasta og hins vegar hæsta líklega hitastigi í sjóflutningi með fersk flök. Eitt 10-50 g sýni var tekið úr neðsta hluta neðsta fiskflaks í hverjum kassa og hafði þar með verið í beinni snertingu við frauðplast og því komið fyrir í glerflösku. Því næst voru sýnin 12 send til greiningar hjá Eurofins, alþjóðlegri rannsóknastofu í Þýskalandi.

Niðurstöðurnar sýna að magn stýrens, sem og annarra óæskilegra efna líkt og bensens og tólúens, var undir 0,01 mg/kg fisks í öllum tólf fisksýnunum. Viðmið (hámark) FDA er 90 mg af stýreni í hverju kg af fiski á einstakling á dag, sem jafngildir skv. niðurstöðum þessarar tilraunar er að neytandi þarf að neyta daglega 9000 kg af fiski til að nálgast viðmið FDA sem er mjög óraunhæft magn.

LOFTMENGUN FRÁ HOLUHRAUNSGOSI FORDÆMALAUS FRÁ TÍMUM SKAFTÁRELDA

LANDIÐ:

Atburðirnir sem leiddu til eldgossins í Holuhrauni hófust með jarðskjálftahrinu í Bárðarbungu um miðjan ágúst 2014. Hraungosið sem hófst í Holuhrauni þann 31. ágúst 2014 er með stærri hraungosum hérlendis á sögulegum tíma. Gosið varði í um 6 mánuði, en skilgreind goslok voru þann 29. febrúar 2015. Gosið var í eðli sínu sambærilegt að gerð og Skaftáreldar 1783–1784, sem ollu móðuharðindunum svokölluðu, með háum styrk eldfjallagass en lítilli ösku. Eldfjallagastegundir bárust víða frá Holuhraunsgosinu og mældist styrkur hár víða um land á gostímanum. Víðtækari loftmengunar af völdum eldfjallagass hafði ekki orðið vart hérlendis síðan í Skaftáreldum.

Álag vegna eldgosa á umhverfi, dýr og almenning eru almennt lítt þekkt. Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri greinir frá því að nýverið sé komið út, í Riti Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 83, áhugaverð samantekt rannsókna á áhrifum Holuhraunsgossins á umhverfi og heilsu.

Forsíða hins nýja rits LbhÍ um áhrif Holuhraunsgossins á umhverfi og heilsu.

Ritið samanstendur af 15 köflum þar sem fjölmargir fagaðilar hafa lagt hönd á plóg við að draga saman helstu niðurstöður rannsókna og vöktunar á áhrifum eldgossins; meðal annars sérfræðingar Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar má meðal annars fræðast um eldgosið sjálft, áhrif þess á vatnsgæði í ám og vötnum, á gróður og jarðveg bæði í skógum og túnum. Einnig er lagt mat á áhrif gossins á heilsufar fólks.

„Ljóst er að áhrif eldgossins í Holuhrauni á eðlis- og efnafræðilega eiginleika umhverfisins hafa verið talsverð og líklega meiri en margan grunaði. Niðurstöðurnar sýna að eldfjallagas frá gosinu hafði mælanleg áhrif á umhverfisaðstæður hérlendis þrátt fyrir að atburðurinn hafi átt sér stað á hálendi Íslands, að vetri til og fjarri mannabústöðum. Sumar af þeim mælingum sem hér er fjallað um voru gerðar á meðan á gosinu stóð, en aðrar, t.d. á straumvatni, gróðri og jarðvegi, fóru fram síðar á árinu 2015, nokkru eftir skilgreind goslok. Staðsetning gossins var hinsvegar afar heppileg, utan jökla og fjarri byggð, og tímasetningin lágmarkaði einnig hversu mikið af eldfjallagasinu hvarfaðist yfir í brennisteinssýru yfir landinu. Bæði staðsetning og tímasetning gossins hefur þannig án vafa lágmarkað neikvæð áhrif eldfjallagassins á umhverfi og heilsu og í raun bjargað því að áhrifin urðu ekki mun meiri en hér varð," segir í frétt á heimasíðu LbhÍ.

Upplýsingamiðlun og samráð við íbúa

BORGARBYGGÐ:

Hvernig er best fyrir sveitarfélag að koma upplýsingum á framfæri við íbúa? Hvaða tækifæri hafa íbúar til aðkomu að ákvörðunum sveitarfélagsins?

Þetta er til umræðu á fundi sem Borgarbyggð býður til, þriðjudaginn 30. janúar næstkomandi. Fundurinn verður sambland af fræðslu og umræðum, þar sem allir hafa jafna möguleika á að taka þátt og stinga upp á umræðuefnum. Tilefni fundarins er stefnumótun um upplýsingamiðlun og samráð við íbúa, sem nú er unnið að hjá Borgarbyggð.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI hefur umsjón með fundinum og mun hún segja frá hvað einkennir vel heppnað samráð við íbúa. Eftir fundinn, mun upplýsinga- og lýðræðisnefnd, undir forystu Magnúsar Smára Snorrasonar, fjalla um það sem íbúar hafa fram að færa á fundinum og hafa til hliðsjónar við mótun stefnunnar.

Fundurinn verður haldinn í Hjálmakletti, kl. 17.30 – 20.30, en á vegum Improve verkefnisins um nýsköpun í tæknidrifnum lausnum í opinberri stjórnsýslu, verður hægt að fylgjast með honum í gegnum Facebook-síðu Borgarbyggðar. Veitingar verða í boði Borgarbyggðar.

(Fréttatilkynning)

ALÞJÓÐLEGA RÁÐNINGAÞJÓNUSTAN
Starfsmannalausnir – Fyrir fyrirtækin í landinu

Beinar ráðningar til fyrirtækja
Getum ráðið í flestar stöður

519-5444 · recruitment@recruitment.is · Recruitment.is

ÍSLENSKA SÍA LSTOY 87220 01/18

Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- **Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu**
- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150**

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

LEIÐARI

Óásættanlegur dauðatollur fíknivandans

Á undanförnum árum höfum við náð frábærum árangri í að draga úr slysatíðni á sjó og í umferðinni. Þetta hefur tekist með skipulagðri vinnu í forvörnum, fræðslu og öryggismálum. Nú eigum við að taka næsta skref og beina athyglinni að vá sem hrifsar til sín alltof mörg líf, rænir fólk framtíð og skilur eftir djúp sár.

Í fyrra létust 32 Íslendingar undir fertugu vegna fíknivanda. Þar af voru 14 undir þrítugu. Hræðileg slys verða í umferðinni. Sum þeirra má beint rekja til fíknivandans. Dauðsföll af þeim sökum bætast við þessi 32. Árlega svipta 40 til 50 Íslendingar sig lífi. Margir glíma við vanda vegna neyslu á fíkniefnum. Í heildina má rekja ótímabæran dauða hátt í hundrað Íslendinga árlega til neyslu fíkniefna. Þetta er óásættanlegt. Nú geisar mjög skæður neyslufaraldur vestanhafs þar sem fólk neytir morfínskyldra lyfja. Þetta færist einnig í vöxt hér á landi. Við stöndum frammi fyrir hættu og verðum að grípa til varna. Líf ungra Íslendinga eru í húfi.

Við þurfum þjóðarátak í vörnum gegn fíknivandanum. Huga á betur að landamæragæslu og baráttu gegn smygli og dreifingu fíkniefna. Forvarnir og meðferðarúrræði verður að efla. Hvaða glóra er í því að fjársvelta starfsemi SÁÁ?

Magnús Þór Hafsteinsson

Spennandi sumarstörf

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Öll störfin henta jafnt körlum og konum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- 18 ára lágmarksaldur
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Bílpróf er skilyrði
- Starfsfólk í raf- og vélvirkjun þarf að hafa sveinspróf eða vera langt komið í námi í viðeigandi fagi

Árangurstengd laun sumarfólks í vaktavinnu eru um 560.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf. Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. Umsóknarfrestur er til og með **1. febrúar.**

Sumarstarfsmenn í framleiðslu- og iðnstörfum fara á frumnámskeið vegna vinnuvélaréttinda. Umsóknir og upplýsingar eru á **www.nordural.is** og hjá **Guðrúnu Hjaltalín Guðjónsdóttur** í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli karla og kvenna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar.

Húsnæði til leigu í Reykjanesbæ

Klettatröð 19, Keflavíkurflugvöllur

Húsnæðið skiptist í
- 4 skrifstofur, eldhús, salerni, afgreiðslu og salur.
- Samtals ca 600 m2
- Eignin er laus fljótlega.

Bolafótur 1 Njarðvík

- 2x 108 m2 salir, nýttir sem bílaverkstæði í dag.
- Ca 80 m2 afgreiðsla, 40 m2 skrifstofa á efri hæðinni og sameiginlegt eldhús og salerni.
- Eignin er laus frá og með 1 júlí
- Samtals ca 365 m2

Frekari upplýsingar í síma 776 7600 Guðmundur

eða gummi@touringcars.eu

TCI Fasteignafélag ehf

HÚSBÍLAÆÐI !

Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**
Verð nú 4.250.000.

Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
Verð 4.990.000.-
Verð nú 3.650.000.

Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.
Verð 4.990.000,
Verð nú 3.650.000.

Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll
árg 2008, ekinn 117 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000**
Verð nú 3.650.000.

Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**
Verð nú 4.750.000.

Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll
árg 2009, ekinn 110 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 til 3 tvöfalt rúm aftast sólarsella **Verð 5.990.000**
Verð nú 4.650.000.

SELDUR

Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **Verð 4.990.000**
Verð nú 2.200.000.
Billinn er bílaður líklegast með ónýta vél.

Dacia Dokker 1.5 diesel árg 2016,
ekinn 28 þ. km, 5 gíra, svefnpláss fyrir 2, sólarsella og öndun á topp, klár í notkun.
Verð 1.990.000.-

Range Rover Vogue diesel 3.6 vél, ekinn 205 þ. km, sjálfskiptur, billinn er nánast með öllu.
Verð 3.990.000
Verð nú 3.490.000

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

TOURINGCARS

Kristinn H. Gunnarsson:

GRÆÐGI Á STERUM

Kristinn H. Gunnarsson.

Talsmaður samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi heldur því fram í Morgunblaðinu í byrjun ársins að veiðigjaldið, sem útgerðarfyrirtæki greiða ríkinu fyrir afnot af fiskimiðunum, sé komið langt fram úr hófi og sé skaðlegt sjávarútveginum og þar með samfélaginu öllu. Hátekjuskattur á sterum er nafngiftin sem hlutur ríksins fær.

Staðreyndirnar tala öðru máli. Þær eru að um þessar mundir fær útgerðin 87% af framlegðinni í sinn vasa en ríkið aðeins 13%. Til ríkisins rennur veiðigjaldið, sem er núna 23 kr/kg fyrir hvert kg af þorski. Útgerðin fær 156 kr/kr. til sín. Það er sjö sinnum hærra. Hlutur ríkisins í arðinum af auðlindinni er ekki hátekjuskattur á sterum. Öðru nær, en skerfur útgerðarinnar af arðinum er græðgi á sterum.

> *Talsmenn sjávarútvegsins vilja að þessir fáu eigi sem mest og að hinir mörgu, almenningur, fái sem minnst. Það er kjarni málsins.*

Óbreytt veiðigjald

Ramakvein útgerðarinnar er tilkomið vegna þess að veiðigjaldið tvöfaldast í krónutölu frá síðasta fiskveiðiári. Það skýrist af því hreinn hagnaður af fiskveiðum árið 2015 varð sá mesti síðan 2001 og tvöfaldaðist frá 2014. Þess vegna er fjárhæð veiðigjaldsins 2015 tvöfalt hærri en ársins 2014. Veiðigjaldið er óbreytt hlutfall af hreinum hagnaði. Það er því ekkert meira íþyngjandi nú en áður. Hreinn hagnaður varð 2014 sá minnsti síðan 2009. Þess vegna varð álagt veiðigjald síðasta fiskveiðiárs líka lágt og lækkaði um 50% frá árinu þar á undan. Hreinn hagnaður eftir veiðigjald jókst úr 10 milljörðum króna í 20 milljarða króna frá 2014 til 2015. Útgerðin er að græða meira en ekki minna. Stóryrðin um stórfellda hækkun veiðigjaldsins eru röng.

Veiðigjaldið aðeins 10% af framlegð

Leiga á kvóta er mikið stunduð. Útgerð sem leigir til sín kvóta gerir það vegna þess að tekjur af aflanum eru hærri en kostnaðurinn við veiðarnar. Það verður að vera framlegð af slíkum veiðum. Markaðsverð á leigukvóta gefur góða mynd af framlegðinni. Á árinu 2015 voru samkvæmt upplýsingum á vef Fiskistofu leigðar gegn gjaldi um 14% af öllum útgefnum kvóta í þorski. Það voru 26.837 tonn í 2065 viðskiptum og samtals voru greiddar 6.103 milljónir króna í leigugjald. Að meðaltali voru greiddar 227 kr/kg. Þetta er það stór hluti af heildinni og viðskiptin það mörg að telja verður að gott mat fáist á framlegðina af veiðunum almennt. Veiðigjaldið sem nú er kvartað undan er miðað við afkomuna þetta sama ár 2015 og er 22,98 kr/kg. það er aðeins 10% af meðalleiguverði þorskkvótans. Þetta markaðsverð á leigukvóta leggur grunn að verði varanlega kvótans eða aflahlutdeildarinnar sem lánastofnanir styðjast við.

Kristinn ritstýrir landshlutablaðinu Vestfirðingi sem er systurblað Vestra. Blöðin má lesa frítt á vefnum fotspor.is.

Myndin breytist ekki mikið þótt veiðigjaldið sé borið saman við afkomuna á yfirstandandi fiskveiðiári í stað þess að miða við 2015. Meðalverð á 1 kg af þorskkvóta fjóra fyrstu mánuði fiskveiðiársins 2017/18 er 156,35 kr. Bæði fjöldi viðskipta á bak við meðalverðið og magnið hefur aukist. Til viðbótar kvótaleigunni þarf að greiða veiðigjaldið 22,98 kr/kg. Samtals greiðir sá sem tekur kvótann á leigu 179 kr. Það er þá matið á framlegðinni. Hlutur veiðigjaldsins af framlegðinni um þessar mundir er um 13% samkvæmt þessum tölum. Það er ekki mikil breyting frá 10%.

Svonefnd veiðigjaldsnefnd hefur það hlutverk að reikna út veiðigjaldið og jafna því niður. Nefndin reiknar út framlegð samkvæmt forskrift í viðkomandi lögum. Hún ber þess merki að Alþingi hefur sýnt málstað samtaka útgerðanna mikla tillitssemi. Engu að síður reiknast nefndinni til að framlegðin af þorskveiðum hafi verið um 102 kr/kg. Veiðigjald upp á 22,98 kr/kg þar af er 22% af framlegðinni og getur á engan hátt talist óhófleg.

Vanmetnar tekjur

Hafa þarf í huga að stærstur hluti aflans er seldur í beinum viðskiptum milli skyldra eða sama aðila. Verðið er enda mun lægra en markaðsverð. Stór hluti útgerðarinnar er nátengdur fiskvinnslu. Á þennan hátt eru tekjur útgerðarinnar lækkaðar og færðar yfir á vinnsluna sem er að mestu undanþegin veiðigjaldi. Við þetta lækkar hagnaður útgerðarinnar og veiðigjaldið til ríkisins verður lægra en það í raun á að vera. Sjávarútvegsfyrirtækin halda þannig með bókhaldsbrellum eftir meira af hagnaðinum í sjávarútveginum. Ekki er gott að fullyrða um hversu miklu af raunverulegum hagnaði af útgerðinni er komið undan veiðigjaldi en færa má rök fyrir því að það geti verið um 20%.

550 milljarðar kr á 8 árum

Afkoma í sjávarútvegi hefur verið fádæma góð allt frá 2009. Samanlögð framlegð (EBITDA) greinarinnar frá 2009 – 2016 framreiknuð er um 600 milljarðar króna. Þar af hefur ríkissjóður fengið um 50 milljarða króna í formi veiðigjalds. Eigendur sjávarútvegsfyrirtækjanna hafa fengið ríflega 90% til sín. Það er um 550 milljarðar króna. Upplýst er að arðsemi í sjávarútvegi sé tvöfalt meiri en í atvinnulífinu. Það er líka upplýst að einungis 1.000 manns eigi nánast allt eigið fé einstaklinga í íslensku atvinnulífi.

Átökin standa um skiptingu á arðinum. Ef ríkið tekur til sín stærri hlut með hækkandi veiðigjaldi mun verð á kvóta lækka að sama skapi. Talsmenn sjávarútvegsins vilja að þessir fáu eigi sem mest og að hinir mörgu, almenningur, fái sem minnst. Það er kjarni málsins; græðgi á sterum.

Kristinn H. Gunnarsson,
hagfræðingur, ritstjóri Vestfirðings
og fyrrverandi alþingismaður.

Samanburður á aflamarksleigu og veiðigjaldi

Þorskur 1/9-31/8	2011/12	2012/13	2013/14	2014/15	2015/16	2016/17	2017/18
leiga kr/kg	304,17	206,23	202,91	233,07	216,82	191,01	156,35
veiðigjald kr/kg	9,46	32,7	16,88	13,3	16,6	13,2	22,98
Samanlögð gjaldtaka	304,2	206,2	202,9	233,1	233,4	204,2	179,3
Veiðigj/samtalsgjald	3 %	16 %	8 %	6 %	7 %	6 %	13 %

Auglýst er eftir slökkviliðsstjóra til tímabundinna starfa fyrir Borgarbyggð

Slökkviliðsstjóri stjórnar og ber daglega ábyrgð á Slökkviliði Borgarbyggðar og aðstoðarslökkviliðsstjóri í forföllum hans. Hann ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir og hefur bakvaktaskyldu utan dagvinnutíma í samvinnu við aðstoðarslökkviliðsstjóra.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu sendar til borgarbyggd@borgarbyggd.is

Nánari upplýsingar veita Bjarni K. Þorsteinsson slökkviliðsstjóri í síma 437-2222 bjarnikr@borgarbyggd.is og Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri í síma 433-7100 gunnlaugur@borgarbyggd.is

Umsóknarfrestur er til 31. janúar nk.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Hæfniskröfur:

- Löggiltur slökkviliðsmaður með a.m.k. 4 ára starfsreynslu
- Þekking og þjálfun í brunamálum og á sviði brunavarna
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærileg menntun
- Skipulagshæfni og fagmennska

Starfssvið:

- Stjórnun og rekstur Slökkviliðs Borgarbyggðar
- Eldvarnareftirlit
- Almannavarnir

BORGARBYGGÐ

2. tölublað, 2. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Magnús Þór Hafsteinsson. Sími: 864 5585 **Netfang:** magnushafsteins@simnet.is. Efni blaðsins er skrifað af ritstjóra nema annað komi fram. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 7.000 eintökum á öll heimili og í fyrirtæki á Kjalarnesi, í Kjós, Akranesi, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Snæfellsnesi og í Dölum. Blaðið liggur einnig frammi á helstu þéttbýlisstöðum á svæðinu.

Bílastjarnan
VÖNDUÐ
VINNUBRÖGÐ
BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR
BÍLASTJARNAN | BÆJARFLÖT 10 | 112 REYKJAVÍK | SÍMI 567 8686 | BILASTJARNAN@BILASTJARNAN.IS

Fyrsta íslenska nútímaskáldsagan

Í tilefni af því að liðin eru 200 ár frá fæðingu Jóns Thoroddsen og 150 ár frá andláti hans hefur fyrsta útgáfa skáldsögunnar Pilts og stúlku verið endurprentuð. Jón Thoroddsen sýslumaður og skáld fæddist á Reykhólum og starfaði mestan hluta ævi sinnar á Vesturlandi, utan áranna þegar hann dvaldi í Danmörku við nám, hermennsku og ritstörf.



Kápa nýju útgáfunnar og Már Jónsson prófessor í sagnfræði sem hafði umsjón með henni.

> *Það hvarflaði að mér að einhenda mér í alvöru ævisögu en þreifingar meðal bókaforlaga bentu til þess að ekki yrði auðvelt að fá hana gefna út, svo ég gaf hugmyndina upp á bátinn.*

Upprunalega útgáfan

Jón Thoroddsen stóð á þrítugu þegar hann hóf að skrifa skáldsöguna Pilt og stúlku, sem markar upphaf nútíma skáldsagnagerðar Íslendinga. Hann var innblásinn af bókmenntum samtímans í Danmörku og Vestur-Evrópu, án þess þó að herma eftir neinum. Úr varð gamansöm örlagasaga Sigríðar Bjarnadóttur og Indriða Jónssonar, sem eftir misskilning á misskilning ofan fá loks að eigast. Söguþráðurinn er látlaus en samtöl afburða fyndin og ýmsar persónur óborganlegar, ekki síst Gróa á Leiti og Bárður á Búrfelli. Skáldsagan kom fyrst út í Kaupmannahöfn vorið 1850 og næst í Reykjavík sumarið 1867, endurskoðuð og aukin af höfundi. Við þá útgáfu hafa allar síðari prentanir stuðst og hafa því fáir lesið söguna í þeirri upprunalegu mynd sem nú hefur verið gefin út. Lesendur njóta því texta sem er tær afurð ungs rithöfundar sem vildi gera eitthvað nýtt og tókst það.

Útgefandi nú er forlagið Sæmundur.

Afkomandi höfundar

Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, hafði umsjón með þessari útgáfu og skrifaði ítarlegan inngang. Í bókinni er einnig að finna smásögu Jóns frá 1848 og upphaf á skáldsögu sem hann byrjaði á sex árum síðar en hætti við.

Már segir einfalda skýringu að baki því að hann sinni nú verkum Jóns Thoroddsen. „Yngsti sonur Jóns, sem lifði, var Sigurður, fæddur 1863. Hann er langafi minn: Kristín Kress dóttir hans og Helga dóttir hennar. Ég fékk mjög ungur að vita að það væri fjarska merkilegt að vera afkomandi Jóns og hef lengi haft áhuga á honum, án þess að gera neitt fræðilegt," segir Már.

Sigurður sem Már nefnir hér var Sigurður Thoroddsen landsverkfræðingur. Bræður Sigurðar voru svo Þórður héraðslæknir, Þorvaldur jarðfræðingur og Skúli sýslumaður, ritstjóri og alþingismaður. Þess má geta til gamans að einn afkomenda Skúla Thoroddsen er Katrín Jakobsdóttir núverandi forsætisráðherra. Hún og Már eru þannig bæði komin af Jóni Thoroddsen og Kristínu Ólínu Þorvaldsdóttir Sívertsen.

En Már útskýrir áfram: „Við athuganir á dánarbúum í Þjóðskjalasafni fyrir svo sem tíu árum fletti ég skjölum úr hans embættistíð, bæði í Barðastrandarsýslu og Borgarfjarðarsýslu, sem einhvern veginn kveikti í mér. Þá tók ég til við að safna saman öllum sendibréfum sem til eru frá honum og til hans, sem reyndar er ekki mikið. Með því að bæta við slatta af embættisbréfum tókst mér að búa til þokkalegustu bók, *Bréf Jóns Thoroddsens*, sem Sögufélag gaf út árið 2016."

200 ár frá fæðingu skálds

Í framhaldinu af þessu segist Már hafa farið að hugsa um að eitthvað yrði nú að gera árið 2018, þegar liðin yrðu 150 frá því Jón lést (8. mars) og 200 ár frá því hann fæddist (5. október). „Það hvarflaði að mér að einhenda mér í alvöru ævisögu en þreifingar meðal bókaforlaga bentu til þess að ekki yrði auðvelt að fá hana gefna út, svo ég gaf hugmyndina upp á bátinn. Þá fór ég að hugsa um kveðskap Jóns sem ekki hefur komið út síðan 1919 og það í heldur lélegri útgáfu. Handrit eru til í Landsbókasafni sem myndu nýtast í slíkt verkefni en ég ákvað að það væri of viðamikið á svo skömmum tíma, þannig að lendingin varð sú að ég gaf út fyrstu útgáfu Pilts og stúlku frá vorinu 1850, sem ekki hefur komið út síðan. Jón endurskoðaði söguna árið 1867 og bætti ýmsu við eða breytti, og það er sá texti sem almenningur hefur haft aðgang að í síðari útgáfum. Með fylgja smásaga sem Jón birti árið 1848 og brot úr skáldsögu frá 1854 sem hann svo hætti við. Síðast en ekki síst birti ég tvo af þekktustu kvæðum Jóns, Búðarvísur og Vögguvísu, í eldri gerð en þeirri sem svo kom á prent í Pilti og stúlku," segir Már Jónsson.

Þetta er sú bók sem nú er komin út. Óhætt er að segja að Piltur og stúlka sé sígild íslensk skáldsaga sem hefur elst mjög vel þó liðin séu um 170 ár síðan hún var skrifuð. Bókin hefur enda notið mikilla vinsælda meðal kynslóða Íslendinga allt til þessa dags.

Kafli úr Pilti og stúlku:

Talað upp á dönsku í Reykjavík

Sá texti sem fer hér á eftir er úr nýjustu útgáfu Más Jónssonar. Eins og sjá má er hún með upprunalegu stafsetningunni frá 1850.

Hér er á ferð gott dæmi um kímni bókarinnar þar sem Jón Thoroddsen bregður upp mynd af 19. aldar málfari bæjarbúa sem oft þótti æði dönskuskotið. Nú um stundir þegar margir hafa áhyggjur af stöðu íslenskunnar gagnvart enskunni þá mætti hafa í huga að ástandið hefur stundum áður fyrr síst verið betra en það er í dag.

Þegar hér er komið í sögunni er Indriði, sem er ein höfuðpersóna bókarinnar, kominn til Reykjavíkur ásamt félaga sínum þar sem þeir fá gistingu í húsi einu:

Sigurður átti kunnugt þar í húsi nokkru ekki lángt frá skytníngi, þar átti heima íslenskur maður, sem L. hjet, og var eitthvað riðinn við verslunarstörf. Þángað fóru þeir Indriði og voru þar um nóttina. Ekki voru húsakynni þar stór, og voru gestir látnir sofa í sama herbergi, sem þau sváfu í hjónin, og sváfu þau í rúmi, sem stóð nær gluggunum, enn gestir báðir í einu rúmi ekki lángt frá dyrum. Um morguninn vaknar Indriði snemma og lítur upp, sjer hann þá að húsmóðir er staðin úr rekkju og situr naumlega hálfklædd út við gluggann, sem til strætis vissi, og togaði með annari hendinni sokkinn upp á hægra fótinn, enn með hinni hendinni lyptir hún upp gluggaskýlunni, og lítur út. Indriði vildi ekki að konan yrði vör við, að hann væri vaknaður, meðan hún klæddist, og togaði hægt yfirsængina upp yfir höfuðið á sjer; enn í sama bili æpir húsfreyja upp yfir sig ámótlega, og svo hátt, að nötraði í hvurjum rapti, sem var í húsinu. Sigurður svaf fast og vaknaði ekki, enn Indriða þótti best ráð að bæla sig betur í fötunum, því hann hugsaði hálfveigis, að sú væri orsökin, að konan mundi hafa orðið vör við, að hann leit upp. Bóndi húsfreyju lá allsber í rúminu, og var ekki farinn að hreifa sjer, enn vaknaði nú við skrækinn, og hrökk með andfælum fram á stokk, enn ránkaði þó bráðum við sjer, og gaut augunum á konu sína og mælti: „guð náði þig kona! hvað geingur að þjer?" Húsfreyja varpaði mæðilega öndinni og sagði:

„Söde L.! vil du bare see! vilt þú bara sjá!"

„Hvað á jeg að sjá?"

„Hvorledes det styrter ned; hvurnin það sturtar niður."

„Guði almáttugum sje lof og dýrð fyrir það!" sagði bóndi og fór að hnyssa aptur að sjer rúmfötunum, sem hann í fáti hafði kastað ofan af sjer, þegar hann tók viðbragðið, enn við þau orð, sem honum urðu síðast að munni, brá húsmóður svo, að hún æpir í annað sinn:

„Ih! Þú Frelsins Guð! tal dog kristelig Menneske! talaðu þó kristilega, maður!" Þannig mælti hún og lypti um leið augunum táravotum upp í loptið, rjett eins og hún vænti þess, að guðs rjettlætandi reiði mundi þá og þegar koma í þrumum og eldíngum og slysa bóndakindina í rúminu.

„Já já! má jeg ekki lofa guð fyrir regnið?" sagði bóndi, „kemur það ekki frá honum, eins og hvurt annað veður? er það ekki betra enn harkan og kuldinn? eða ætli við hjerna í henni Vík getum síður verið án þess, enn aðrar skepnur og kvikindi sem lifa og skríða á jörðinni? og eitt veit jeg gott, sem því fylgir, og það er, að þú verður þá heima í dag, hjartað mitt! og gjörir við buxurnar mínar."

„Buxene þínar! Svo þú formóðar, at jeg har Leilighed, ljelegheit að befatta með dem i dag, með þeim í dag?"

„Já það er jeg að halda, eða á jeg leingi að vera að nudda á þjer um það, sem þarf að gjöra? og ætli þú hafir það erindi út núna að þú þurfir að hlaupa út í ósköpin?"

„Om jeg har Erinde! hvurt jeg hef erindi!"

„Ætli það sje þá ekki erindið!!!"

„Þú getur þó innsjeð að jeg verð að móra Stínu lítt með den Historie." –

Húsmóðirin fjekk ekki talað alt, sem hún ætlaði að seigja, því bóndi greip fyrr málinu fram í.

„Mjer er sama hvurn skrattann þú þykist verða að hlaupa með og þvaðra," seigir hann og bilti sjer um leið við í rúminu, enn í sama bili sem hann slepti seinasta orðinu, var hurðinni að herberginu snögglega lokið upp, og kemur þar inn kona nokkur, og er þær komu auga hvor á aðra, húsmóðir og aðkomukona, tóku báðar undir sig skeið mikið og hlupu hvor á móti annari og æptu upp yfir sig, og svo jafnsnemma að ekki mátti annað heyra enn að hljóðið kæmi úr einum barka. Bóndi blimskakkaði fyrst augunum á gestinn, enn stakk síðan undir sig höfðinu og hnipraði sig niður í mitt rúm, enn húsmóðir og aðkomukona stóðu þar á gólfinu um hríð og föðmuðu hvor aðra með slíkum vinalátum og fögnuði, eins og að þær hefðu ekki sjest í mörg ár, enn önnurhvor væri nýkomin af skipbroti. Leingi gat ekki Indriði heyrt nein orðaskil á því, sem þær sögðu, enn loksins heyrir hann að húsmóðir tekur svo til orða:

„Guð, Stíne! þú kant ekki þeinkja þjer, hvað jeg leingdist eptir að tala með þig, þú mátt þó, þú verður þó að heyra þá historíu, þeink bara! Möller er forlovaður."

„Það kann þó aldrei vera mögulegt?" sagði aðkomukona og tók um leið þvílíkt viðbragð, að hvurjum, sem við hefði verið, mundi helst hafa dottið í hug, að hún hefði verið stúngin undir síðuna með hnífi.

„Jú, það skal þó vera aldeilis víst, jeg heyrði það fortalt sem ganski bestemt hos Larsens í gjær."

„Og með hvurri?"

„O! það er fortreffiligt! með henni Sigríður Bjarnadattir."

„Nei, virkilega! nú kann jeg ekki annað enn stúðsa! með barnapíunni hjá henni maddama Á.? jeg kann þó aldrei foristilla mjer að það geti hángið rjett saman!"

„Jeg forsikra þig! það skal þó vera ganske afgjört."

„Men guð! hann má jú vera hreint tossaður! nú get jeg fyrst begripið, hvursvegna hann hefur verið renna þángað í húsið á hvurjum einasta deigi; enn hvað seigir þú, trúir þú ekki, að hann er tossaður að forlova sig með soddan einni taus, hún er jú ekki annað enn hrein og simpil barnapía?"

„Það er ogso nokkuð af því allra besta, sem jeg hef heyrt, og teink bara í gaar ljet hann hendi riðe paa hann Graane sín op í rjettene."

„Svo má það þó endilega vera satt, því annars pleiir hann ekki að lána hann Grána sinn til nokkurs – enn hvað þeinkirðu að den gamla maddame B. vil seigja til þetta, trúir þú ekki að hún skal blive hreint tossuð."

„Þú getur trúað það vill móra henni, ha! ha!"

„Við meigum þá endilega til hennar, til að fortelja henni þá historíu."

„Jú, enn veistu hvað? sýnist þú ekki, að við gjörum best í að gánga til jómfrú Kílsens í forveiginn, for hana skulum við þá endilega fá með til þeirrar gömlu, því hún kan þá slaðra svo það er fortreffilegt."

„Jú, hana meigum við endilega hafa með, ó! það er guðdómlegt!"

Þetta var seinasta orðið, sem Indriði heyrði af viðræðum þeirra húsmóður og aðkomukonunnar, því að svo mæltu stukku þær báðar út úr herberginu með miklum ys og fataþyti.

Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við HÍ:

Hver var Jón Thoroddsen og hvað skrifaði hann?

Hér fer grein eftir Má Jónsson um Jón Thoroddsen sem birt er á Vísindavef Háskóla Íslands (visindavefur.is) og endurbirt hér með góðfúslegu leyfi ritstjórnar Vísindavefsins og höfundarins:

Jón Thoroddsen er þekktastur fyrir skáldsögur sínar Pilt og stúlku og Mann og konu, auk þess sem mörg ljóða hans eru vel þekkt, ekki síst þau sem sonarsonur hans Emil Thoroddsen gerði lög við, svo sem „Búðarvísur“, „Vögguvísu“ (Litfríð og ljóshærð) og „Til skýsins“, að ógleymdum ættjarðarljóðum á borð við „Ísland“ (Ó! fögur er vor fósturjörð) og náttúrulýsingum, svo sem „Vorvísu“ (Vorið er komið og grundirnar gróa).

Jón fæddist á Reykhólum í Reykhólasveit 5. október 1818 og voru foreldrar hans vel stæðir bændur af góðum ættum, tengd eða skyld helstu auð- og áhrifamönnum við Breiðafjörð. Þriggja ára var hann sendur í fóstur í Sælingsdalstungu í Dalasýslu til vinafólks foreldranna og þar var hann í tíu ár, en eftir það hluta úr vetrum við nám hjá prestum, því til stóð að hann færi í Bessastaðaskóla og yrði prestur eða sýslumaður. Að loknu námi sumarið 1840 fór hann norður að Hrafnagili í Eyjafirði sem heimiliskennari hjá séra Hallgrími Thorlacius og Guðrúnu Magnúsdóttur, sem áttu þrjá syni og eina dóttur, Ólöfu. Þau Jón felldu hugi saman og trúlofuðust, en hann var að öllum líkindum farinn áleiðis til Kaupmannahafnar þegar dóttir þeirra Elín Guðrún fæddist 9. ágúst 1841. Hann sá hana ekki fyrr en tveimur áratugum síðar, því Ólöf kynntist öðrum manni og giftist í desember 1843.

Löng dvöl í Kaupmannahöfn

Jón var næstu tíu árin í Kaupmannahöfn en skaust þó heim til fjölskyldu sinnar sumurin 1843 og 1847, sem ekki var algengt að íslenskir háskólanemar gerðu. Hann féll á prófum eftir fyrsta veturinn en náði þeim ári síðar og hóf laganám. Ekki var hann atkvæðamikill í félagslífi og stjórnmálavafstri landa sinna, en umgekkst þó og þekkti kappa sem þar fóru fremstir, svo sem Brynjólf Pétursson, Gísla Brynjúlfsson, Grím Thomsen, Jón Sigurðsson og Jónas Hallgrímsson. Fyrsta ljóðið sem Jón sá á prenti birtist í síðasta hefti tímaritsins Fjölni vorið 1847. Það var hin angurværa „Kveðja“, sem hefst svo: „Vindur blæs og voðir fyllir breiðar, verpur skipi ströndum ísa frá...“ Nokkur kvæði birtust síðan í tímaritinu Norðurfara sem hann gaf sjálfur út með Gísla Brynjúlfssyni vorið 1848 og haustið 1849.

Ekki ber á því að Jón hafi sinnt náminu svo nokkru nemi og í apríl 1848 gerðist hann sjálfboðaliði í herför Dana gegn sjálfstæðistilburðum þýskumælandi manna í suðurhluta Jótlands, héruðunum Slésvík og Holtsetalandi. Þar var hann í fjóra mánuði og tók fullan þátt í bardögum, drap að eigin sögn einn mann og særði annan.

Bárður og Gróa stíga fram

Næstu tvo vetur í Kaupmannahöfn skrifaði hann Pilt og stúlku, sem er hugljúf og bráðskemmtileg saga af ástum Sigríðar og Indriða, sem kynnast börn að aldri en njótast eigi fyrr en i bókarlok eftir allskyns misskilning og klæki óprúttinna einstaklinga, ekki síst móður hennar. Þarna birtast magnaðar aukapersónur á borð við Gróu á Leiti og Bárð á Búrfelli, sem Íslendingar tóku snemma ástfóstri við og nota enn sem viðmið um æskilegt framferði og skapgerð. Bókin var prentuð í 500 eintökum í Kaupmannahöfn í apríl 1850.

Almennt er talað um Pilt og stúlku sem fyrstu íslensku nútímaskáldsöguna í þeim skilningi að hún tók mið af og líktist tilþrifum fremstu rithöfunda samtímans, sem mikið var þýtt af á dönsku á þeim árum sem Jón var í Kaupmannahöfn, einkum úr ensku. Má þar nefna höfunda á borð við Charles Dickens (1812-1870) og Walter Scott (1771-1832), sem enn eru vel þekktir, en líka höfunda sem þá voru vinsælir en eru það ekki lengur, svo sem Frances Trollope (1779-1863), nú þekktust sem móðir rithöfundarins Anthony Trollope (1815-1882). Ekki færri en tólf bækur eftir hana komu út í Kaupmannahöfn á fimmta áratug 19. aldar og í bréfi til Gísla Brynjúlfssonar 20. janúar 1852 bað Jón um eintak af Den givte Enke eða The Widow Married, sem kom út á ensku árið 1840 en á dönsku fjórum árum síðar – má telja víst að hann hafi lesið bækur hennar á meðan hann var í borginni. Í bréfum segir hann annars fátt um skáldskap eða lestur, en nefnir þó Scott í bréfi til Gísla 25. nóvember 1854 og vitað er að hann átti að minnsta kosti Pickwick Papers eftir Dickens.

Blankur og próflaus sýslumaður

Fáum vikum eftir fyrstu útgáfu Pilts og stúlku fluttist Jón aftur til Íslands, próflaus og peningalítill. Hann var svo heppinn að Barðastrandarsýsla var laus og fékk hann setningu sem sýslumaður til bráðabirgða, en gat ekki gert sér vonir um fastráðningu án þess að ljúka prófi. Hann settist að í Flatey, þar sem bjuggu á annað hundrað manns og voru bestu bókasöfn í landinu fyrir utan Reykjavík og Akureyri.

Vorið 1851 trúlofaðist hann Kristínu Ólínu Þorvaldsdóttur í Hrappsey og setti faðir hennar Þorvaldur Sívertsen það skilyrði að Jón lyki námi. Hann sigldi því til Kaupmannahafnar snemma árs 1853 og var þar í hálft annað ár, lauk prófi með góðum árangri og tryggði sér sýsluna, en flýtti sér síðan heim á ný. Brúðkaup þeirra Kristínar var í Flatey 29. ágúst 1854 og þau fóru í brúðkaupsferð að Holti í Önundarfirði, þar sem systir hennar Katrín bjó. Fyrsta veturinn bjuggu þau í Flatey en næstu sjö árin að Haga á Barðaströnd. Fyrsta barn þeirra var Þorvaldur, fæddur í Flatey sumarið 1855, en í Haga eignuðust þau fimm börn og dóu þrjú þeirra fljótlega eftir fæðingu, en tvö lifðu til fullorðinsára, Þórður og Skúli. Tvo syni eignuðust þau síðar og lifði annar, Sigurður.

Piltur og stúlka var fyrst prentuð í 500 eintökum í Kaupmannahöfn í apríl 1850.

Metsölubók síns tíma

Embættisannir og búskaparstrit komu í veg fyrir að Jón fengi skrifað nokkuð á þessum árum, en nokkur kvæði eru þó til, einkum erfiljóð. Hann tók við embætti sýslumanns í Borgarfjarðarsýslu sumarið 1862 og fjölskyldan settist að á Leirá í Leirársveit. Svo virðist sem búseta nær Reykjavík, þar sem hann þekkti mann og annan, hafi hvatt hann til að taka upp þráðinn við skáldsagnagerð. Árið 1865 hóf hann að endurskoða Pilt og stúlku til nýrrar útgáfu og bætti við löngum kafla og ærið ærslafullum um brúðkaup Sigríðar og Indriða. Fyrsta útgáfan var líka ófáanleg og höfðu viðtökur verið góðar, þannig að Jón taldi jafnvel að hann gæti grætt á verkinu. Vorið 1867 var svo komið að hann sendi skáldsöguna til prentunar í Reykjavík og önnuðust svili hans Jón Árnason þjóðsagnasafnari og Sveinn Skúlason ritstjóri yfirlestur og allan frágang. Bókin kom út í júní 1867 og var nú prentuð í 1200 eintökum, sem miðað við höfðatölu jafngildir sex þúsund eintaka upplagi nú til dags.

Dó frá Manni og konu

Um haustið vann Jón hörðum höndum við nýja skáldsögu, sem hann þó hlýtur að hafa verið byrjaður á nokkru fyrr, þótt ekki sé hægt að tímasetja upphafið. Söguna nefndi hann ýmist Karl og kerlingu eða Hlíðarfólkið, en endanlegt heiti varð Maður og kona. Ekki tókst honum að ljúka verkinu nema að tveimur þriðju hlutum áður en hann lést 8. mars 1868, eftir erfið veikindi síðustu mánuðina. Sem fyrr er meginþráðurinn ástarsaga og aðalpersónurnar Þórarinn og Sigrún heldur litlausar, líkt og Indriði og Sigríður, en sagan sem slík er öllu kraftmeiri og dýpri en Piltur og stúlka, samtöl betri og mannlýsingar enn magnaðri. Nægir þar að nefna þá félaga séra Sigvalda og Hjálmar tudda.

Kristín Ólína seldi Hinu íslenska bókmenntafélagi í Kaupmannahöfn handritið að Manni og konu og líka handrit að kvæðum Jóns, sem hann hafði ætlað sér að gefa út á bók. Jón Sigurðsson forseti fór fyrir hópi manna sem svo gáfu út kvæðasafn Jóns árið 1871 en Mann og konu fimm árum síðar. Handriti sögunnar fylgdi ágrip af því sem höfundur hafði átt eftir að skrifa með hendi Þórðar Grímssonar, sem var sýsluskrifari Jóns og hafði hreinritað mestan hluta handritsins. Útgefendurnir komu sér saman um „að láta prenta söguna öldungis eins og hún var komin frá hendi höfundarins“, en þóttust þurfa að gera nokkrar breytingar „þar sem bersýnilega var misritað og höfundurinn hafði ekki leiðrétt, því engin sýnileg merki voru til, að hann hefði lesið handritið yfir að lyktum“ (inngangur, bls. vii).

Jón Thoroddsen með eiginkonu sinni Kristín Ó. Þorvaldsdóttir (1833-1879) húsfreyju og Þorvaldi Thoroddsen syni þeirra (1855-1921) sem varð þekktur jarðfræðingur. Yst er svo sjálfur Jón Thoroddsen (1818-1868) sýslumaður og skáld. Myndin mun tekin 1866 eða 1867 en þá bjó fjölskyldan á Leirá í Leirársveit (nú Hvalfjarðarsveit). Ljósm.: Ljósmyndasafn Akraness.

Heimildir:

- Bréf Jóns Thoroddsens. Útgefandi Már Jónsson (Reykjavík: Sögufélag 2016).
- Jón Thoroddsen, Maður og kona. Skáldsaga (Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafèlag 1876).
– Piltur og stúlka. Dálítil frásaga (Kaupmannahöfn: höfundur 1850).
– Piltur og stúlka. Dálítil frásaga (Reykjavík: höfundur 1867).
– Piltur og stúlka. Dálítil frásaga. Formáli eftir Sigríði Rögnvaldsdóttur (Reykjavík: Bjartur 2008).
- Kvæði eptir Jón Thóroddsen sýslumann (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1871).
- Kvæði eptir Jón Þórðarson Thóroddsen. Önnur útgáfa aukin (Kaupmannahöfn: Sigurður Kristjánsson 1919).
- Skáldsögur Jóns Thoroddsens. Tvö bindi. Steingrímur J. Þorsteinsson gaf út (Reykjavík: Helgafellsútgáfan 1942).
- Steingrímur J. Þorsteinsson, Jón Thoroddsen og skáldsögur hans. Tvö bindi (Reykjavík: Helgafell 1943).
- Þjóðskáldin. Úrval úr bókmenntum 19. Aldar. Guðmundur Andri Thorsson valdi (Reykjavík: Mál og menning 1992).

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Stofnsett 1958
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Gott framboð af áhugaverðum jörðum og tækifærum í ferðaþjónustu
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Heiðrún Lind Marteinsdóttir:

Í Akraneshöfn.

Nú árið er liðið í sjávarútvegi

Árinu 2016 lauk með látum, árið 2017 hófst með látum; allt sat fast í verkfalli sjómanna. Því lauk vonum seinna og 19. febrúar var skrifað undir kjarasamning sem var samþykktur. Það var þriðji samningurinn sem forsvarsmenn sjómanna undirrituðu. Flotinn fór úr höfn, en skaðinn var skeður. Það er gömul saga og ný, að sjaldan veldur einn þegar tveir deila og fjarri er það mér að kenna einhverjum um, af hverju verkfallið dróst svo á langinn.

Skaðann af verkfallinu bera báðir deilendur. Enn er vinna framundan við að ná þeim mörkuðum aftur sem töpuðust og endurheimta orðsporið. Ég hef fulla trú á því að íslenskur sjávarútvegur muni ná fyrri stöðu á erlendum markaði. Án hennar þrífst íslenskur sjávarútvegur varla, atvinnugrein sem svo margir treysta á í einni eða annarri mynd.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir.

Sjávarauðlind getur af sér aðra auðlind

Margar fréttir hafa borist af því undanfarin misseri, að ný skip séu að koma til landsins og einnig af stórhuga framkvæmdum í landvinnslu. Fréttir bárust til dæmis af því í september að fyrirtækið G. Run í Grundarfirði ætli að ráðast í mikla uppbyggingu á landvinnslu, þar sem verður ein fullkomnasta vinnsla landsins. Gerður var stór samningur við Marel um kaup á vélum og annar við Skagann3X á Akranesi um búnað. Í nýju frystiskipi Samherja sem smíðað var í Noregi, eru vinnsludekk meðal annars hönnuð og smíðuð af Slippnum á Akureyri, fiskvinnsluvélar eru meðal annars frá Vélafli á Ólafsfirði og Marel, frystikerfi, búnaður og öll lagnavinna er frá Kælismiðjunni Frost á Akureyri og fiskimjölsverksmiðjan um borð er framleidd af Héðni. Dæmin um hug- og handverk íslenskra iðnfyrirtækja í sjávarútvegi eru miklu fleiri.

Þetta leiðir hugann að merkilegri staðreynd, sem er þó auðskiljanleg. Sjávarútvegur á Íslandi er miklu meira en bara veiðar og vinnsla, þótt sjósóknin sjálf sé grunnurinn. Sjávarútvegur er undirstaða annarrar auðlindar í landi. Starfsemi fjölmargra fyrirtækja víða um land byggist að miklu leyti á sjávarútvegi í einni eða annarri mynd. Sem dæmi má nefna Skagann3x á Akranesi sem hefur tvöfaldast að stærð á undanförnum árum. Sömu sögu er að segja af Völku í Kópavogi. Samhengið á milli stöðu íslensks sjávarútvegs og afkomu fjölmargra iðn- og hugbúnaðarfyrirtækja virðist ekki alltaf vera ljóst, en fylgnin er veruleg. Það á einnig við um mörg fyrirtæki í nýsköpun og líftækni.

> *Sjávarútvegur á Íslandi er miklu meira en bara veiðar og vinnsla, þótt sjósóknin sjálf sé grunnurinn. Sjávarútvegur er undirstaða annarrar auðlindar í landi.*

Áhersla á umhverfismál

Á undanförnum árum hafa komið ný og fullkomin skip til landsins og framhald verður á, á næstu árum. Ný skip eru búin nýjustu tækni til orkusparnaðar og eru mun hagkvæmari en eldri skip sem hverfa úr flotanum. Þetta er jákvæð þróun á allan hátt, ekki síst út frá umhverfissjónarmiðum. Í nýrri skýrslu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi kemur fram ▶



Þú getur stólað á okkur

Íslensk hágæða framleiðsla

Eldhússtóll

Eldhússtólinn sígildi fæst í mörgum litum. Hægt er að fá grindina krómaða eða litaða og áklæði er til í fjölbreyttu litaúrvali.
Góð hönnun stenst tímans tönn og er sívinsæl.

Verð 27.900 kr.

Hönnun:
Pétur B. Lúthersson

Stacco

Stacco er staflanlegur fjölnota stóll sem hentar við öll tækifæri. Auðvelt er að flytja hann milli rýma á þartilgerðum vögnum sem Stáliðjan framleiðir. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 31.100 kr.

Hönnun:
Pétur B. Lúthersson

Lúdó

Lúdo er þægilegur og meðfærilegur og hentar jafnt við eldhúsborðið heima og á vinnustað. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 26.900 kr.

Rondó

Þægilegur og léttur stóll við kaffiborðið eða eldhúsborðið. Hann hentar vel í eldhúsið heima hjá þér og jafnframt í fundarherbergið á vinnustaðnum. Rondó er með standard setu og grindin er úr krómi. Fjölbreytt litaúrval.

Verð 25.900 kr.

Eldhúsborð

Með föstum T-fótum úr krómi. Við bjóðum upp á borðplötur í nokkrum litum.

Borðplata
Verð 18.375 kr.

T borðfætur undir borð
Verð 24.125 kr.
(parið)

Samtals Verð 42.500 kr.

Vönduð íslensk framleiðsla síðan 1959. Stáliðjan er gamalgróið íslenskt fyrirtæki sem framleiðir vandaða vöru fyrir heimilið og vinnustaðinn.

STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmíði

Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is

Hjá Ísrör ehf færðu pressuvélar og tengi til samsetningar stállagna

Hjá Ísrör færðu einnig PEX-STÁL HITAVEITURÖR/FITTINGS – HITAVEITU – LJÓSLEIÐARA OG GASSKÁPA
ÍDRÁTTARRÖR – VARÚÐARBORÐA – HERPIMÚFFUR og svo margt fleira

ÍSRÖR EHF
HEILDVERSLUN

Sími 565 1489 - Hringhella 12 - 221 Hafnarfjörður - isror@isror.is - www.isror.is

Í Skarfavör á Akranesi. Fjær sést fiskimjölsverksmiðja HB Granda. Ljósm.: Friðþjófur Helgason.

Smíði á fiskvinnslubúnaði hjá Skaganum3X á Akranesi. Ljósm.: Friðþjófur Helgason.

að orkunotkun í sjávarútvegi hefur dregist saman um 43% á tímabilinu 1990 til 2016. Ýmislegt veldur, meðal annars ný skip og tækni. Olíunotkun í sjávarútvegi mun halda áfram að minnka á næstu árum og reikna má með að heildarsamdráttur í olíunotkun sjávarútvegsins muni nema 53% árið 2030, sé miðað við upphafsárið 1990. En svo kallað Parísarsamkomulag miðast við þetta tímabil.

Gjaldtaka fram úr hófi er skaðleg

Til að fyrrgreint markmið náist, er algert skilyrði að sjávarútvegurinn verði í færum til að fjárfesta. Það verður ekki tryggt með óhóflegri skattlagningu. Að sjálfsögðu stendur ekki á sjávarútveginum að leggja til samneyslunnar það sem honum ber, en gjöld langt umfram það sem önnur fyrirtæki í sjávarútvegi, annars staðar í heiminum er gert að greiða, mun til lengri tíma hafa slæmar afleiðingar. Ekki bara fyrir sjávarútveginn heldur langt út fyrir hann, eins og leiða má af því sem að ofan er skrifað. Höfum hugfast að rúmlega 98% af öllum afla fer á alþjóðlegan markað. Þar er víglína íslensks sjávarútvegs, sem mörgum virðist hulin. Án fótfestu á alþjóðlegum markaði er tómt mál að tala um íslenskan sjávarútveg sem undirstöðuatvinnugrein á Íslandi.

Sjávarútvegsfyrirtækjum er gert að greiða veiðigjald. Ýmsum þykir það lágt. Nú er það svo að tekjuskattur fyrirtækja er 20% — einnig sjávarútvegsfyrirtækja. Þegar búið er að bæta veiðigjaldi við þá hafa þessir tveir skattstofnar verið nærri 44% af hagnaði að meðaltali á ári hverju frá 2010. Verði engin breyting gerð á veiðigjaldi á komandi ári, má áætla að tekjuskattur og veiðigjald verði um 58–60% af hagnaði í sjávarútvegi. Það gefur augaleið að svo umfangsmikil gjaldtaka mun hafa skaðleg áhrif. Hún mun draga harkalega úr samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og hraða verulega samþjöppun. Alþingi verður að átta sig á þessari stöðu og axla ábyrgð.

Sjávarútvegur áfram í fararbroddi

Það er engin ástæða til annars en bera höfuðið hátt og vera stoltur af íslenskum sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn er hornsteinn í íslensku efnahagslífi, hann er sjálfbær og umhverfisvænn, hann býður upp á örugg og vel launuð störf, hann er drifkraftur nýsköpunar og tækni og í raun einstakur um margt á heimsvísu. Tækifærin eru óendanleg ef rétt er haldið á spilunum.

Gleðilegt ár og góðar stundir.
Heiðrún Lind Marteinsdóttir er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS).

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.

750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.

750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612.- án vsk.

750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355.- án vsk.

Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá WÖRMANN world of trailers kerrum

Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.

Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

KEF GUESTHOUSE

Ertu á leiðinni til útlanda og ætlar að geyma bílinn þinn uppi á flugvelli? Veistu að fyrir tvær vikur borgar þú 15.400 kr.

Með því að bóka herbergi hjá Kef Guesthouse er **innifalið í verðinu geymsla á bílnum, skutl til og frá flugvelli og morgunmatur**. Frá október og fram í maí eru tveggja manna herbergin hjá okkur á 12.500 kr.

Hafðu samband í síma **588 9999** og bókaðu þína nótt.

et EHF. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði

AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

Arnar Atlason:

STRANDVEIÐAR OG JÁKVÆÐ ÁHRIF ÞEIRRA Á FRAMBOÐ Á FERSKUM FISKI

Í ár eru 10 ár liðin frá því að þáverandi sjávarútvegsráðherra Jón Bjarnason heimilaði strandveiðar.

Í upphafi voru margir gagnrýnir á veiðarnar og vissulega voru ýmsir ágallar, sérstaklega sem sneri að kælingu aflans. Nú 10 árum síðar er óhætt að fullyrða að breyting hefur orðið til batnaðar. Meðferð aflans almennt orðin betri og nú er svo komið að á þeim tíma sem veiðarnar standa yfir eru þær farnar að skipta verulega máli.

Arnar Atlason.

Stóraukning í útflutningi

Þegar sagt er að þær skipti máli verður að horfa til þess að á sömu 10 árum hefur orðið gríðarleg aukning í útflutningi á ferskum fiski frá Íslandi. Algjör breyting hefur orðið og til einföldunar má segja að frysting hefur dregist verulega saman á sama tíma og útflutningur ferskra afurða hefur aukist stórlega.

Ein afleiðing þessarar breytingar er sú að nauðsynlegra er nú en áður að framboð sé stöðugt. Ferskur fiskur er í eðli sínu nýveiddur þegar hann kemur á disk neytenda. Á sjávarútvegsráðstefnunni sem haldin var nú í haust hélt fulltrúi verslunarkeðjunnar Carrefour, Beatrice Hochard ákaflega athyglisvert erindi sem snerist einmitt um framboð á ferskum fiski og nauðsyn þess að það væri stöðugt. Hún gerði jafnframt grein fyrir því í erindinu að verslunarkeðjur eins og Carrefour aðgreindu Ísland sem uppsprettu frá Noregi t.a.m. sökum þess að héðan væri framboð stöðugra.

Lykilhlutverk strandveiðanna

Strandveiðar gegna lykilhlutverki í þessum efnum. Eins og línurit sýnir þá koma þær inn í veiðarnar þar sem framboð á þorski er viðkvæmast. Ber einnig að athuga í þessum efnum að mun stærri hluti strandveiðiaflans fer til ferskfiskvinnslu, myndin sýnir því ekki fullkomna mynd af áhrifum strand-veiðanna sem eru mjög mikil.

Það sem strandveiðar hafa umfram aðrar veiðar er markaðslegt gildi. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þá er það staðreynd að ímynd vöru hefur mun meiri áhrif á kauphegðun en við almennt getum ímyndað okkur. Í vaxandi mæli er: uppruni afurða, siðferðileg nálgun og umhverfisvernd farin að hafa áhrif. Áhrif þessi munu einungis aukast á komandi árum og að því ber að huga. Einyrkinn með gogginn er ljósmynd sem helstu netsölufyrirtæki heimsins á ferskum fiski vilja á heimasíður sínar.

Góð framleiðni útvegsins

Íslenskur sjávarútvegur hefur á undanförnum árum sýnt framsýni og aðlögunarhæfni. Framleiðni sjávarútvegs skarar fram úr öðrum greinum á Íslandi eins og tölur sýna. Stór hluti þess er vegna sérhæfingar sem átt hefur sér stað í greininni.

Sérhæfingu þessa má ekki síst tengja tilkomu fiskmarkaða á Íslandi á 9. áratugnum. Síðan þá hafa sérhæfð fyrirtæki í veiðum, vinnslu, sölu og markaðssetningu litið dagsins ljós. Strandveiðarnar eru einungis ein birtingarmynd þess til viðbótar. Strandveiðar hafa stutt við framboð á fiskmörkuðum síðan þær komu til og ef þau 63 þús. tonn sem þær hafa skilað í land síðan 2009 hefðu ekki komið til þá væru fiskmarkaðir okkar ekki á sama stað og þeir eru í dag, í sinni stöðugu varnarbaráttu.

> *Mikilvægi strandveiða mun einungis aukast á næstu árum, þær ber að efla og styrkja svo þær geti enn frekar fest sig í sessi.*

Mikilvægi mun aukast

Til að setja hlutina í samhengi þá voru á síðasta ári seld um 50 þús. tonn af þorski á fiskmörkuðum landsins og þeir þannig stærsta og áreiðanlegasta uppspretta fersks fisks á landinu. Strandveiðar voru á sama tíma liðlega 9 þús. tonn - að stærstu leiti þorskur.

Mikilvægi strandveiða mun einungis aukast á næstu árum, þær ber að efla og styrkja svo þær geti enn frekar fest sig í sessi. Lágmarkskrafa hlýtur að vera að hlutfall þeirra af heildarafla haldist óbreytt.

Arnar Atlason er formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda.



Línurit sem sýnir landaðan þorskafla eftir mánuðum árið 2016, annars vegar á strandveiðum og svo utan þeirra.

Unnið við Perluna.





Hvalasýningin á Granda: Smákranar önnuðust flutninga á öllum hvalalíkönum fyrir sýninguna.

Litlir kranar leysa stór verkefni



SMÁKRANAR

Það eru til fleiri kranar en stórir byggingarkranar, og litlir, sérhæfðir kranar eru nauðsynlegir til ýmissa vandasamra verka. Til dæmis þarf oft að hífa upp í mikla hæð þunga hluti innanhúss í byggingum, stórar glerrúður og stálbita, en smákranar koma þar við sögu þar sem önnur tæki komast ekki að og handaflið ekki nóg.

Þessa þörf uppgötvuðu hjónin Erlingur Snær Erlingsson og Hildur Björg Ingibertsdóttir eftir að þau fóru að kynna sér möguleika smákrana skömmu eftir aldamótin síðustu. Þau stofnuðu fyrirtækið Smákrana árið 2004 og hefur fyrirtækið vaxið og dafnað síðan.

„Faðir minn var í þessum hífingarbransa og var með stóra bílkrana. Ég hafði því alltaf mikinn áhuga á þessum hlutum. Árið 2004 sá ég í erlendu fagtímariti auglýsingu um Unic 295 smákranann, svokallaðan köngulóarkrana." Erlingur fór síðan með eiginkonu sinni og föður til Bretlands til að skoða þessa kranategund og þau fluttu heim einn Unic 295 smákrana. Hann lyftir þremur tonnum í 1,4 metra radíus en er ekki nema 60 sentimetrar á breidd.

„Upphaflega var ætlunin að höndla með þessa krana og þjónusta kaupendur þeirra en áhuginn var lítill og fáir virtust sjá fyrir sér mögulega notkun þeirra. Þannig að við áttum kranann áfram og ég fór að vinna á honum meðfram öðrum störfum."

Krönum í eigu fyrirtækisins hefur síðan fjölgað jafnt og þétt í gegnum árin og nú á fyrirtækið samtals átta krana. Þar af eru fjórir smákranar af Unic gerð, tveir flutningskranar af gerðinni JMG, en þeir geta keyrt með hlassið, og svo tveir 45t Liebherr bílkranar sem henta mjög vel með litlu krönunum.

„Við sérhæfum okkur í flutningatæknilegum lausnum. Þar sem erfitt er að koma við öðrum tækjum þar komum við til sögunnar. Tökum sem dæmi það verkefni að setja upp 300–500 kílóa rúðu innandyra. Í áhættugreiningu blikka öll ljós yfir slíku dæmi ef menn ætla að gera þetta með handafli, bæði vegna hættunnar á meiðslum og því að eyðileggja hlutinn."

Auk krananna býr fyrirtækið einnig yfir ýmsum gagnlegum búnaði við flutninga og hífingu hluta innandyra: „Eitt dæmi eru glersogskálarnar sem sjúga sig fastar á glerið með lofttæmi. Við eigum fimm slíkar og meðal annars stærstu glersogskál til glerísetningar á Íslandi. Með henni getum við híft gler sem er allt að eitt og hálft tonn að þyngd."

Verkefni Smákrana eru mjög fjölbreytt en fyrirtækið er mest á fyrirtækjamarkaði. Þó kemur oft fyrir að Erlingur og hans starfsmenn sinni einstaklingum vegna glerísetninga. „Við hífum mikið af gleri fyrir smiði sem þjónusta tryggingafélögin og þannig erum við mikið á vettvangi hjá einstaklingum. Þetta eru gler frá 70 og upp í 300 kíló," segir Erlingur og bætir við að Smákranar hafi annast hífingar á flestum stærstu rúðum sem hafa verið settar í á Íslandi frá árinu 2008. Nauðsyn smákrananna er augljós við þessi verk, eða eins og Erlingur segir: „Hvernig ætlar þú að setja upp gler sem er 760 kíló að þyngd og 7,2 metrar að hæð?" og vísar þar til nýlegs verkefnis fyrir nýja verslun H&M í Smáralind.

Meðal annarra nýlegra verkefna er stórt verk fyrir ÍAV Marti í Búrfellsvirkjun, þar sem unnið hefur verið við uppsteypu á stöðvarhúsi sem er 300 metra inni í fjallinu. Þá hafa Smákranar sett upp rúmlega 60 tonn af gleri í nýja hótelbyggingu Bláa lónsins. Einnig hefur fyrirtækið unnið innandyra við breytingar í Perlunni og hjá Marel hf. og sett upp allt nýtt gler á framhliðum H&M og Zöru í Smáralind og H&M og Next í Kringlunni.

Nánari upplýsingar veitir Erlingur Snær í síma 699-4241 eða í gegnum netfangið ese@smakranar.is.
www.smakranar.is
facebook.com/smakranar

Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 864 5585 og
magnushafsteins@simnet.is

VESTRI

2. tölublað
2. árgangur

Fánaprentun
Útifánar
Borðfánar
Hátíðarfánar
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

Svarthamarsrétt í Hvalfjarðarsveit.

Sauðfjárbændur fá fé

LANDIÐ:

Nú er búið að gefa út reglugerð með hvaða hætti viðbótarfjármagni vegna bráðavanda sauðfjárbænda verður úthluthað. Lesa má um það á vef Landssamtaka sauðfjárbænda (saudfe.is).

Til að draga úr kjaraskerðingu fá framleiðendur stuðningsgreiðslur á árinu 2018 fyrir dilkakjötframleiðslu ársins 2017. Um einskiptisaðgerð er að ræða til að bæta að hluta kjaraskerðingu sauðfjárbænda. Til þessa verkefnis verður varið 400 milljónum króna samkvæmt fjáraukalögum 2017.

Rétthafar greiðslu eru þeir framleiðendur sem uppfylla ákvæði 3. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt, hafa átt 151 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri á haustskýrslu 2016 í Bústofni og eru innleggjendur dilkakjöts í afurðastöð á framleiðsluárinu 2017. Greiðslur miðast við innlagt dilkakjöt á framleiðsluárinu 2017 og deilist heildarstyrkupphæð á allt innlagt dilkakjöt þeirra innleggjanda sem eiga rétt á greiðslum samkvæmt ofangreindum skilyrðum. Matvælastofnun annast umsýslu greiðslunnar.

Viðbótargreiðsla vegna svæðisbundins stuðnings skal skiptast á milli framleiðenda sem voru rétthafar svæðisbundins stuðnings á árinu 2017 samkvæmt ákvæðum þágildandi reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt. Til þessa verkefnis verður varið 150 milljónum króna samkvæmt fjáraukalögum 2017. Matvælastofnun annast umsýslu greiðslunnar.